



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	12. júní 2025

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Eitt af forgangsverkefnum ríkisstjórnarinnar er að hagræða, einfalda stjórnsýslu og sameina stofnanir. Stofnanir ríkisins eru um 160 talsins með starfstöðvar um allt land. Helstu rök fyrir sameiningum eru þau að stærri einingar séu betur til þess fallnar að sinna kjarnaþjónustu og veita góða þjónustu. Slíkar einingar séu einnig betri rekstrareiningar. Rúmur helmingur stofnana er með færri en 50 stöðugildi. Fjórðungur stofnana er með færri en 20 stöðugildi.

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um skipulag haf- og strandsvæða og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Hjá Skipulagsstofnun starfa um 25 manns.

Árið 2020 varð Húsnæðis- og mannvirkjastofnun til við sameiningu Íbúðalánasjóðs og Mannvirkjastofnunar. Um mitt ár 2022 var fasteignaskrá flutt til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar frá Þjóðskrá. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) er sjálfstæð stofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir félags- og húsnæðismálaráðherra. Stofnunin starfar að stjórnsýsluverkefnum á sviði húsnæðismála, mannvirkjamála, rafmagnsöryggismála og brunavarna, fer með samhæfingarhlutverk opinberrar markaðsgæslu, og rekur fasteignaskrá ásamt því að sinna verkefnum því tengdu. Þá heldur HMS einnig utan um landeignaskrá sem er miðlægur, landfræðilegur gagnagrunnur sem geymir upplýsingar um landeignir, hnitsetta afmörkun þeirra, afstöðu og umfang. HMS ber lögum samkvæmt ábyrgð á að stuðla að jafnvægi á húsnæðismarkaði, meðal annars með húsnæðisstuðningi, lánveitingum, rannsóknum, upplýsingagjöf, áætlanagerð og eftirliti. HMS sér einnig um Húsnæðissjóð sem er í eigu og á ábyrgð ríkissjóðs og hefur það hlutverk að fjármagna lánveitingar á samfélagslegum forsendum. Hjá HMS starfa um 160 manns.

Með því að sameina starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verður til öflugri stofnun sem hefur getu til að vinna að þeim kerfisbreytingum í húsnæðismálum sem boðaðar eru í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins dags. 21. desember 2024. Með sameiningu næst fram einföldun stjórnsýslu skipulags- og mannvirkjamála. Ferill frá skipulagi til fullbúins mannvirkis verður hjá einni stofnun gagnvart sveitarfélögum, fasteignaeigendum og öðrum hagsmunaaðilum. Með sameiningu verður aukin áhersla á hagkvæmni í landnýtingu, sjálfbærni og nýtingu auðlinda.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Sameina starfsemi HMS og Skipulagsstofnunar þannig að úr verði öflug stjórnsýslustofnun sem hefur aukna burði til að ráðast í þær kerfisbreytingar sem boðaðar eru í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar varðandi húsnæðismál og stjórnsýslu skipulags- og mannvirkjamála.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til? Sjá hér að ofan.
B. Markmið 1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki. Stefna stjórnvalda er að fækka stofnunum, m.a. með sameiningum í þeim tilgangi að auka samlegð og getu til að vinna að krefjandi verkefnum. 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda. Að sameinuð stofnun verði öflug rekstrareining sem hafi aukið bolmagn til að takast á við verkefni á sviði húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsmála.
C. Leiðir 1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Minni samlegð, samrekstur og hagkvæmni. Stofnanir myndu starfa áfram í óbreyttri mynd. 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið. Nauðsynlegt er að breyta gildandi reglum með lagasetningu. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu. Leggja fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna? 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni. Að sameina starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis – og mannvirkjastofnunar í eina öfluga stjórnsýslustofnun á sviði húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsmála. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott. Breyta þarf ýmsum lögum, s.s. skipulagslögum, lögum um skipulag haf- og strandsvæða, lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, lögum um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun o.fl.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Sveitarfélög, hagaðilar, hagsmuna- og félagasamtök sem málið varðar ásamt almenningi. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Já, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið sem fer með lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Málið hefur verið kynnt fyrir ríkisstjórn. Þá hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið verið upplýst um málið. Áformin hafa einnig verið kynnt fyrir stofnunum.

4. Fyrirhugað samráð. Fyrirhugað er að kynna áformin í samráðsgátt stjórnvalda.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Mun hafa jákvæð áhrif á ríkissjóð til lengri tíma.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Nei 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Ekki er gert ráð fyrir að innleiðing taki langan tíma. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Á ekki við 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu. Á ekki við 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Á ekki við
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað. 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.